

## Aðalfundur Eyjafjarðardeildar 2023

haldinn í Viðjulundi 2, Akureyri, þann 13. mars 2023 og hófst klukkan 18.00

Fundinn sóttu 26 manns

### A. Aukinn straumur flóttafólks á Íslandi og við Eyjafjörð

Róbert Theódórsson, verkefnastjóri Eyjafjarðardeidar í flóttamannamálum, greindi frá stöðu og horfum varðandi málaflokkinn. Greindi frá fjölda og dreifingu flóttamanna og helstu áskorunum sem eru framundan.

Eyjafjarðardeild verður falið að styðja við móttöku flóttamanna á svæðinu frá Húnavatnssýslum að Höfn í Hornafirði í samstarfi við heimamenn á hverjum stað. Enn er ekki búið að ljúka samningi milli Rauða krossins og ríkisins vegna verkefnisins.

### B. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Gunnar Frímannsson, formaður stjórnar Eyjafjarðardeilda, setti fundinn og var Karl Guðmundsson kosinn fundarstjóri. Jón Baldvin Hannesson, ritari stjórnar, var kosinn ritari fundarins.

### C. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á síðasta starfsári

Formaður flutti greinargerð úr skýrslu stjórnar. Fór hann yfir helstu verkefni deildarinnar á árinu og gerð grein fyrir starfinu, sýndi glærur og sagði frá. Árið 2022 voru sjálfboðaliðar í 366 sjálfboðaliðaeiningum, sinnt af um 310 sjálfboðaliðum (skýrist af því að hópur sjálfboðaliða er í fleiri en einu verkefni). Í árskýrslu eru ítarlegri upplýsingar, stefnt er að birtingu árskýrlunnar á vef Rauða krossins innan tíðar.

Starfsmenn Eyjafjarðardeilda voru: Deildarstjóri í fullu starfi. Verkefnastjóri í fullu starfi. Umsjónarmaður húseigna í 50% starfi. Verkefnastjóri í flóttamannamálum í fullu starfi, Eyjafjarðardeild greiðir 30% launanna og landsskrifstofa 70%. Tveir skipta með sér 20% starfi við að stýra frú Ragnheiði, vinna það í verktöku. Neyðarvarnafulltrúi í 75% starfi á vegum landsskrifstofu er einnig með starfsaðstöðu hjá Eyjafjarðardeild.

### D. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeilda, gerði grein fyrir ársreikningi deildarinnar og lagði hann fram til samþykktar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður deildarinnar um 9,7 milljónum króna á árinu að teknu tilliti til afskrifta sem

JF CT KFL  
KJ

KFL  
JF

námu 4,6 milljónum króna. Eigið fé félagsins í lok ársins var 148,6 milljónir kr. en var um 138,9 milljónir kr. í byrjun árs.  
Aðalfundur samþykkti reikninginn samhljóða.

**E. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun lagðar fram.**

Ingibjörg, deildarstjóri, og Sóley Björk, verkefnastjóri lögðu fram framkvæmda- og fjárhagsáætlun deildarinnar til kynningar. Ingibjörg greindi frá fjármálahliðinni og liggur fyrir að nokkrir liðir eru óljósir vegna t.d. skorts á samningum við ríkið o.fl. Sóley Björk fjallaði um verkefnin og fjármálahlið þeirra hvers um sig, sýndi glærur með myndum og bætti við upplýsingum um verkefnin sem deildin sinnir frá því sem formaður kynnti við yfirferð um árskýrslu síðasta árs.

**F. Kosning deildarstjórnar**

Kjörnefnd leggur til að eftirtaldir aðilar verði kjörnir í stjórn Eyjafjarðardeildar:

***Framboð til formanns:***

Þorsteinn K. Björnsson

***Til tveggja ára verði kosin:***

Gísli Kort Kristófersson

Hilmar Friðjónsson

Sigríður Stefánsdóttir

Kári F. Lárusson

***Áfram sitja í stjórninni til 2024, voru kosin til tveggja ára á aðalfundi 2022:***

Kristín B. Gunnarsdóttir

Jón B. Hannesson

Kristjana V. Valgeirs dóttir

Konráð K. Baldvinsson

***Varamenn til eins árs 2022-2023:***

Karen Malmquist

Eva Hrund Einardsdóttir

Jovana Kotaras

Helga Margrét Freysdóttir

Aðalfundur samþykkti allar tillögur kjörnefndar í skriflegri kosningu.

**G. Kosning skoðunarmanns**

*JF.*

*KM*

*KFL  
SKA*

Lagt til að Guðlaug Kristinsdóttir verði kjörin skoðunarmaður reikninga.  
Aðalfundur samþykkti tillöguna í skriflegri kosningu.

#### H. Önnur mál

Ingibjörg, deildarstjóri, kvaddi Gunnar Frímannsson, fráfarandi formann, sem hefur starfað sem formaður síðast liðin sex ár, en miklu lengur í starfi Rauða krossdeildarinnar á svæðinu og færði honum blóm og gjöf.

Fundi slitið klukkan 20:00

Gunnar Frímannsson  
Rauðen Myrkurhús  
Kunni Þórssen  
Guðlaug Kristinsdóttir